

Nd.

246. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgreina 3. gr. laganna komi:

Forðagæzlumenn skulu koma að minnsta kosti tvisvar til eftirlits á hvert heimili, sem þeim hefir verið falið til umsjár, til þess að athuga fóðurbirgðir og fénað búenda og gera þær ráðstafanir, sem þeir telja nauðsynlegar.

Fyrri skoðun skal lokið 15. okt. og þeirri síðari fyrir 15. april.

2. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar 6. gr. laganna komi:

Það er skylda forðagæzlumanna að gefa hverjum búanda þær leiðbeiningar, sem þeir telja nauðsynlegar um fóðurásetning og skepnuhirðingu. Þeir

skulu gefa búanda hæfilegan ákveðinn frest til framkvæmda, ef um öflun fóðurs, förgun fénaðar eða annað þessháttar er að ræða.

Að liðnum þeim fresti, sem tiltekinn var, skal forðagæzlumaður kynna sér nákvæmlega, hvort þeim ráðum, sem hann gaf, hafi verið fylgt. Hafi það ekki verið gert, þá ber honum að tilkynna hreppsnefnd það þá þegar. Skal hún þá svo fljótt sem unnt er senda 2 áreiðanlega menn með forðagæzlumanni til þess að athuga á ný allt, sem að málinu lýtur.

Að því búnu ber forðagæzlumanni og skoðunarmönnum að gefa hreppsnefnd skýrslu um ástandið, og láta tillögur fylgja um, hvað gera skuli til þess að koma í veg fyrir fóðurskort.

3. gr.

Fyrir „2 kr.“ í 7. gr. laganna komi: 6 kr.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ef ásetning fjáreiganda, að dómi forðagæzlumanns og hreppsnefndar, er þannig, að miklar líkur séu til, að honum endist eigi fóður, ef gengið er út frá vetri í gjaffrekara lagi, skal hreppsnefnd gera ráðstafanir til þess, að úr því sé bætt, annaðhvort með öflun fóðurs, fækkun fénaðar eða með því að koma fénaði hans í fóður annarsstaðar.

Sé fénaði komið í fóður annarsstaðar, hefir sá, er fóður tók, haldsrétt í fénaðinum, unz fóðrun er greidd.

Sýni hlutaðeigandi fjáreigandi mótþróa gegn fyrirmælum hreppsnefndar um fækkun fénaðar, getur hún látið framkvæma þau með aðstoð fógeta.

5. gr.

Fyrri málsg. 11. greinar laganna falli burt.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, þá hefir fóðurskortur búfénaðar og afleiðingar hans gert landbúnaðinum meiri búsigfjar en allt annað, sem orðið hefir í vegi hans frá því fyrsta, að byggð hófst í landinu.

Því er miður, að ennþá er þessi sama hættu yfirvofandi, þrátt fyrir margitrikaðar tilraunir til þess að vinna bug á þessu mikla böli landbúnaðarins.

Lögin um forðagæzlu frá 1913, sem enn eru í gildi, virðast ekki hafa komið að tilætluðum notum, frekar en margt annað, sem áður hafði verið gert í þessu skyni.

Helztu breytingar, sem frv. gerir á lögnum, eru:

Fyrri skoðun fari fram svo tímanlega, sem frv. ber með sér, í þeim tilgangi, að hægara verði að ráða bót á vandræðum, sem fyrirsjáanleg eru, auðveldara að selja fénað o. s. frv.

Önnur aðalbreytingin er um skyldur þeirra, sem útlit er á, að komist í fóðurþröng.

Þriðja breytingin er um auknar skyldur forðagæzlumanna og hreppnefndar, og um leið er aukið vald þessara aðilja.

Nánar í framsögu.